

Strætóferðirnar borga sig

Rekstur bifreiðar vegur þungt í heimilisbókhaldinu. Því er forvitnilegt að rýna í tölur og bera sama kostnað við rekstur bíls á ársgrundvelli miðað við strætóferðir.

Samkvæmt upplýsingum á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda var heildarrekstarkostnaður árið 2009 við nýja bifreið sem kostar 2,2 milljónir og eyðir 8 lítrum á hundrastið, 916.750 krónur á ári. Þar er innifalinn kostnaður við tryggingar, viðhald og viðgerðir, ný dekk, skatta og skoðun, bílastæði og fleira. Bensínkostnaður var þá áætlaður 172.800 krónur miðað við 15.000 kílómetra akstur á ári. Miðað var við 144 krónur á lítrann en nú kostar lítrinn á 95 oktafana bensíni 199 krónur á höfuðborgarsvæðinu. Þennan kostnaðarlið má

því hækka upp í 238.800 krónur á ári og verður því heildarrekstarkostnaður 67.000 krónum hærri eða 983.750 krónur.

Stök ferð með strætó kostar 280 krónur. Ef keyptar væru tvær ferðir á dag alla daga ársins í eitt ár hljóðaði kostnaðurinn upp á 204.400 krónur alls. Strætó býður svo upp á ódýrari fargjöld ef keypt eru kort, sem gilda í ótakmarkaðan fjölda ferða innan



ákveðins tímaramma. Gula kortið gildir í tvær vikur og kostar 3.500 krónur og það græna í mánuð á 5.600 krónur. Eins má kaupa 9 mánaða kort á 30.500 krónur og miðað við það kostar mánuðurinn 3.390 krónur. Ótakmarkaðar ferðir með strætó allt árið kosta þá 40.680 krónur. Þannig má spara 198.120 krónur á ári með því að taka strætó og sleppa bensíni á bílinn. Eins má losna við tryggingar, viðhald og annan kostnað vegna bílsins. Sparnaðurinn yrði rétt tæp milljón á ári því ef árskostnaður við strætó er dreginn frá heildarrekstarkostnaði við bílinn eru 943.070 krónur í afgang.

Sjá fib.is og straeo.is

-rat

Hægt er að spara hatt í milljón á ári með því að nota strætó.